



525. fundur Þingvallanefndar

12. mars 2026 kl 11:30

Grjótnesi, Smiðju.

Mætt: Sigurður Helgi Pálmason formaður, Ása Berglind Hjálmarsdóttir varaformaður, Eydís Ásbjörnsdóttir og Guðrún Hafsteinsdóttir varamaður Vilhjálms Árnasonar.

Aðrir gátu ekki mætt.

Formaður setur fund.

1. **Erindi Jakobs Frímanns Magnússonar vegna tónleika Kaleó**

Farið var yfir innsend gögn vegna umsóknar um tónleika Kaleo 20. júní í sumar. Þjóðgarðsverði var falið að svara erindi, frá lögreglunni á Suðurlandi frá 3. mars, þar sem óskað var umsagnar Þingvallanefndar um tillögur að vegalokunum vegna umsóknar um tónleikahalds sem sótt hefur verið um innan þjóðgarðsins. Þingvallanefnd felur þjóðgarðsverði að óska eftir ítarlegum upplýsingum frá lögreglu og viðburðarhaldara um mögulegan hámarksfjölda gesta á viðburðinum komi ekki til svo víðtækra vegalokana og ef umferð yrði stýrt með minna íþyngjandi hætti. Að fengnum slíkum upplýsingum mun Þingvallanefnd taka afstöðu til fyrirliggjandi umsóknar.

2. **Hrafseyri - erindi forsætisráðuneytis vegna reksturs á Hrafseyri**

Þingvallanefnd þakkar traust það sem forsætisráðuneytið hefur sýnt þjóðgarðinum á Þingvöllum með tilboði sínu um að þjóðgarðurinn taki að sér rekstur sumarstarfsemi á Hrafseyri við Arnarfjörð í samvinnu við ráðuneytið. Þingvallanefnd tekur undir sjónarmið ráðuneytisins að samvinna ráðuneytisins og þjóðgarðsins um verkefnið sé til þess fallin að styrkja faglega umgjörð og tryggja vandaða umsjón og þjónustu að Hrafseyri. Þingvallanefnd er tilbúin til að ganga til samninga um verkefnið á grundvelli þeirra samningsdraga sem fyrir liggja frá ráðuneytinu.

3. **Sumarbústaður - Neðristígur 5**

Þingvallanefnd samþykkir umsókn um viðhald, endurnýjun og viðgerðir á sumarhúsinu að Neðristíg 5, í þjóðgarðinum, með þeim fyrirvara að haldið verði í fyrirliggjandi stærð, útlit og gerð sumarhússins. Þá verði hreinlætisaðstaða í sumarhúsinu samkvæmt fyrirliggjandi lögum og reglum þar að lútandi. Fyrir liggur að sumarhúsið þarfnast verulegs viðhalds og viðgerða.

Fundi slitið.